

**Landbótasjóður Fljótsdalshrepps
Ársskýrsla stjórnar 2019**



Skýslastjórnar

Stjórn Landbótasjóðs er í dag skipuð eftirfarandi stjórnarmönnum:

Eiríkur J Kjerúlf formaður, Arnheiðarstöðum
Einar Sveinn Friðriksson, gjaldkeri Valþjófsstöðum
Anna Bryndís Tryggvadóttir, ritari Skriðuklaustur

Stjórnir sjóðsins funduðu 2 sinnum á árinu. Alls bárust 14 umsóknir um landbætur í sjóðinn og voru allar samþykktar. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins voru á árinu til ráðstöfunar 9.480.648 kr.. Umsóknir voru talsvert umfram þá upphæð eða rúmlega 10.142.607 milljónir króna. Stjórnin ákvað að haga úthlutun með eftirfarandi hætti: Enginn fær hærri styrk en kr 950.000. (10.% af úthlutun). Umsóknir undir 900.000 kr eru ekki skertar. Úthlutun styrkja er 3,2% til 10.% af úthlutu. Tekið skal fram að þessi vinnuregla gildir aðeins fyrir árið 2019. Að hverju sinni verður að haga úthlutun eftir því sem fjárhagur sjóðsins leyfir.

Úthlutun af fjármunum sjóðsins til landbóta og annars kostnaðar á árinu 2019 varð kr. og skiptist sem hér segist:

Landbótaframlög	8,471,701. kr
Laun og launatengd gjöld	90,073. kr
Reikningsleg aðstoð	503,917. kr
<u>Auglýsingar</u>	<u>18,306. kr</u>
SAMTALS	9,089,731. kr.

Þess má geta að sjóðurinn fékk endurgreiddann virðisaukaskatt að upphæð 120,940 kr. vegna bókhaldskostnaðar.

Framkvæmdir 2019

Eftirfarandi 14 verkefni voru samþykkt:

- Vallholt. Sótt um styrk til styrkingar gróðurlendis, og stöðvun gróðureyðingar og sandfoks. Svæðin eru hálsinn innan við Ranaskóg og eyrar á Gilsáreyri.
- Hrafnkelsstaðir. Áburðardreifing á blásna mela, rofabörð. Svæðin eru ofan við bæinn, Tófuaxlarháls, Lækjardalur, ysti hluti Gilsárdals og nágrenni, markmið styrking fyrirbyggjandi gróðurs og auka beitarþol og til varnar uppblæstri.
- Arnheiðarstaðir. Svæðin eru neðan og ofan þjóðvegjar. Áhersla lögð á svæðið í kringum Bolalæk og ofan túngirðingar. Einnig í girðingu upp af Árnasteini og á eldri áburðadreifingarsvæði. Áburðardreifing til styrkingar gróðurs.
- Víðivellir fremri. Áburðargjöf til styrkingar staðargróðurs. Svæðið er í fjallshlíð ofan bæjar og eyrar við Kelduá. Sömu svæði og unnið var með.
- Valþjófsstaður 2. Unnið var á bæjarhjalla, Vatnsleysu, svæði í Melgræfum, inn í Teig, melum á milli fjárhúsa og bæjar ásamt fleiri svæðum. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Bessastaðagerði. Rýrir melar fyrir ofan bæ. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Eyrarland. Styrking staðargróðurs og uppgræðsla mela og ógróins lands í beitarhólfi í neðsta hluta fjallsins.
- Melar. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf, melar, móar, urðir og börð í Melafjalli.
- Brekkuagerði. Áburðardreifing til styrkingargróðurs við Bæjarhjalla sem er beitarhólf ofan við bæinn og þriðja svæðið heitir Fláar og er ofan við girðingar í Brekkugerðisfjalli. Sömu svæði og undanfarin þrjú ár.
- Víðivallagerði. Melar ofan við bæinn og brekkurnar upp af Klifi innan skógræktargirðingar.
- Skriðuklaustur. Uppgræðsla á skriðu sem féll ofan við Hamtó. Melar milli Sauðabanalækja.
- Droplaugarstaðir. Dreifing áburðar til að styrkja staðgróður og sáning á lúpínufraei .

-Brekka. Áreyrar utan við veg að Jökulsá á Hólmum. Áburðarbeifing í fjalli ofa Brekku.

-Víðivellir ytri 1. Sá í aurskriðusár í fjalli fyrir ofan urðina, ofan við bústaði.

Framkvæmdir voru á eftirfarandi jörðum:

-Vallholt, 6,2 tonn af áburði borin á 50 ha.

-Hrafnkeisstaðir, 6,8 tonn af áburði borin á 40 ha.

-Arnheiðarstaðir, 6, tonn af áburði borin á 30 ha.

-Víðivellir Fremri, 5 tonn af áburði borin á 90 ha.

-Víðavallagerði, 0 tonn, 0 ha.

-Valþjófsstaður 2. 1,8 tonn af áburði borin á ha.

-Bessastaðagerði, 6,2 tonn af áburði borin á 50 ha.

-Eyrarland, 6 tonn af áburði borin á 50 ha.

-Melar, 6, tonn af áburði borin á 30 ha.

-Skriðuklaustur, 0 tonn, 0 ha.

-Brekkuagerði, 6 tonn af áburði borin á 50 ha.

-Droplaugarstaðir, 1,8 tonn áburður, 40kg grasfræ borin á 8 ha.

-Brekka, 6 tonn af áburði borin á 45 ha.

-Víðivellir ytri 1, 5,4 tonn af áburði borin á 20 ha.

Samtals var dreift rúmlega 62, tonnum af áburði, 40,kg grasfræ á 483, ha. lands. Öll svæðin eru undir 400 m.h.y.s..

Framkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Fljótisdalshrepps

